

Fyrsti fundur stjórnar S.Í. fimmtudaginn 26.maí 2016 kl. 18.00

Mætt: Gunnar Björnsson, Róbert Lagerman, Stefán Steingrímur Bergsson, Hjörvar Steinn Grétarsson, Björn Ívar karlsson, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Steinþór Baldursson. Helgi Ólafsson sat fundinn undir lið sjö.

1. **Skipting embættis.** Gunnar forseti, Kjartan varaforseti, Róbert ritari, Björn Ívar gjaldkeri, Stefán æskulýðsfulltrúi, Ingibjörg vararitari og Steinþór meðstjórnandi.
2. **Íslandsmótið í skák 2016.** Dagur Ragnarsson er fyrsti varamaður í landsliðsflokkinn, Gunnar hefur umboð til að kalla inn varamenn gerist þess þörf. Mótið verður sett upp 30.maí. Stjórnarmenn hvattir til að mæta í undirbúning.
3. **EM ungmenna.** Helgi Ólafsson situr fundinn undir þessum lið. Helgi fer yfir valhugmyndir á keppendavali á EM ungmenna. Hann hvetur til meira samráðs á milli valnefndar og Skákskóla Íslands, sérstaklega þegar kemur að vali keppenda á EM og HM ungmenna. Almennar og uppbyggilegar umræður um val keppenda. Til máls tóku auk Helga, Gunnar, Stefán, Björn Ívar, Kjartan og Hjörvar Steinn. Helgi telur að skákhreyfingin megi vera almennt sveigjanlegri varðandi reglur um val keppenda á EM og HM, og í vafatilvikum að keppendur fái að njóta „vafans“ Endurskoðun og lokaval keppenda verður tekin eftir Meistaramót Skákskólans 29. maí nk.
4. **Umfjöllun á www.visir.is.** Erindi frá Þóri Benediktsson þar sem lýst var yfir áhyggjum af neikvæðri umfjöllun um skák á Vísi.is. Málið rætt og stjórnarmenn sammála um að bæta megi ímyndar skákarinnar
5. Erindi Héðins Steingrímssonar tekið fyrir um greiðslu flugmiða til Houston að loknu Íslandsmótinu í skák. Samskonar erindum frá Héðni hefur verið svarað nokkrum sinnum áður – og því ekki talin ástæða til svara Héðni sérstaklega nú.
6. **Norðurlandamótið í skák 2016.** Mótið haldið 22.-30. október nk. í Finnlandi. Efsti maður í landliðsflokki á eftir Íslandsmeistarannum og þeim hæsta sem sé ekki GM (stórmeistari) verður boðin þátttaka. Í því felst styrk um flug (að hámarki 75.0000 kr.) og gisting á NM í Finnlandi. Íslandsmeistari kvenna mun einnig fá sambærileg kjör. Íslandsmeistari 65+ verður styrktur um kr. 50.000 til á NM í Finnlandi.
7. **Reykjavíkurskákamótið 2017.** Ákveðið að færa mótið fram í apríl-mánuð 2017, með hliðsjón af meira framboði á hótलगistingu. Gunnar mun kanna þetta mál. Eins mun Gunnar kynna sér þörunarkerfi á sumarskákamótinu á Sardiníu í sumar. Hugsanlegt að nota slíkt þörunarkerfi á næsta Reykjavíkurskákamóti.
8. **Ólympíumótið 16 ára og yngri.** Gengið verður frá vali liðsins og fararstjóra eftir Meistaramót Skákskólans.
9. **Mótaáætlun.** Gunnar mun klára drögin að mótaáætlun, sem eru vel á veg komin, og koma svo í farveg.
10. **Nefndarskipan.** Skipun í nefndir verður tekin með hliðssjón af sérstökum hugðarefnum stjórnarmanna og skákáhugamanna. Málið verður unnið í tölvusamskiptum og verður endanleg nefndarskipan tilbúin á næsta stjórnarfundi.
11. **Önnur mál.** Engin.

Fundi slitið kl. 19.57. Róbert Lagerman